

2009:12 • 7. desember 2009


### Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2009

Quarterly government accounts, 3rd quarter 2009

#### Samantekt

Tekjuhalli hins opinbera var nokkru minni á þriðja ársfjórðungi ársins 2009 en á öðrum ársfjórðungi eða 33 milljarðar króna samanborið við 41 milljarð króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu 3. ársfjórðungs var tekjuhallinn 8,4% og sem hlutfall af tekjum hins opinbera 20,4%. Fyrstu níu mánuði ársins var tekjuhallinn rúmlega 100 milljarðar króna eða 6,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársins, en á sama tíma 2008 var tekjuafkoman jákvæð um 6 milljarða króna, eða 0,4% af landsframleiðslu.

**Mynd 1. Tekjur og útgjöld hins opinbera á verðlagi hvers árs<sup>1</sup>**  
Figure 1. General government income and expenditure at current prices<sup>1</sup>



<sup>1</sup> 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands á 4. ársfjórðungi 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum. *The central government debt assumption of 192,2 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure.*


Tekjuhalli ríkissjóðs og almannatrygginga nam 28,5 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2009 samanborið við 8,3 milljarða króna tekjuhalla á sama ársfjórðungi árið áður. Á fyrstu 9 mánuðum ársins var tekjuafkoma þessara aðila neikvæð 85,7 milljarða króna samanborið við rúmlega 16 milljarða króna jákvæða afkomu á sama tímabili 2008. Tekjuafkoma sveitarfélaganna var einnig neikvæð á 3. ársfjórðungi eða um 4,1 milljarð króna sem er svipuð afkoma og á sama tíma 2008. Fyrstu níu mánuði 2009 mældist tekjuhalli sveitarfélaganna um 14,5 milljarða króna samanborið við 10 milljarða króna tekjuhalla á sama tímabili 2008.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 441 milljarð króna í lok 3. ársfjórðungs 2009 samanborið við um 24



milljarða króna jákvæða eign á sama ársfjórðungi 2008. Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.419 milljörðum króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem nam 94,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar nam skuld ríkissjóðs 722 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi 2008 eða sem svarar 48,9% af landsframleiðslu (sjá mynd 2 og töflu 9).

**Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF**  
*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*



## Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera námu 160,6 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi og um 469 milljörðum á fyrstu níu mánuðum ársins*

*... útgjöldin urðu hins vegar 193,3 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi og tæplega 569 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins*

*Tekjuhalli hins opinbera var 32,7 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2009 og 100 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 160,6 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2009 samanborið við 160,9 milljárð króna á sama tímabili 2008. Um er að ræða 0,2% lækkun milli ára. Skatttekjur skiluðu hinu opinbera rúmlega 119 milljörðum króna, tryggingagjöld 11,4 milljörðum og aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — 29,8 milljörðum króna eins og sjá má í töflu 5. Fyrstu 9 mánuði ársins 2009 námu tekjur hins opinbera um 469 milljörðum króna samanborið við riflega 491 milljarð króna á sama tíma 2008 og er lækkunin milli ára 4,6%.

Á þriðja ársfjórðungi 2009 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 193,3 milljarðar króna, samanborið við 173,4 milljarða króna árið 2008 og er hækkinin 11,5% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 56,4 milljarðar króna, kaup á vöru og þjónustu 47,4 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila 29,2 milljarðar króna. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera verði 26 milljarðar króna á þessum þriðja ársfjórðungi 2009 og opinber fjárfesting 16 milljarðar króna. Heildarútgjöld hins opinbera fyrstu níu mánuði ársins 2009 námu 568,5 milljörðum króna og hækkuðu um 17,2% frá sama tíma 2008. Fjárfesting hins opinbera lækkaði um 24,4% milli þessara tímabila.

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 32,7 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2009 eða sem nemur 2,1% áætlaðri landsframleiðslu ársins og 20,4% af tekjum hins opinbera. Þetta má bera saman við um 12,6 milljarða króna neikvæða afkomu á sama tíma 2008. Fyrstu níu mánuði 2009 varð tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 100 milljarða króna eða sem svarar 6,6% af landsframleiðslu. Á sama tíma 2008 var tekjuafkoman hins vegar jákvæð um 6 milljarða króna, eða 0,4% af landsframleiðslu (sjá töflu 1).

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 3. fjórðungi 2008 og 2009**  
**Table 1. General government finances in 3rd quarter 2008 and 2009**

Fjárhædir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2008 3. ársfj. 3rd quart.	2009 3. ársfj. 3rd quart.	Breyting % Change %	2008 1.-3. ársfj. 1-3 quart.	2009 1.-3. ársfj. 1-3 quart.	Breyting % Change %
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	160,9	160,6	-0,2	491,4	468,6	-4,6
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	173,4	193,3	11,5	485,4	568,8	17,2
2.1 Fjárfesting Investment	19,4	16,1	-16,9	53,1	40,1	-24,4
3. Tekujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-12,6	-32,7	•	6,0	-100,2	•
4. Tekujöfnuður % af tekjum <i>Financial balance, % of total revenue</i>	-7,8	-20,4	•	1,2	-21,4	•
5. Tekujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-0,9	-2,1	•	0,4	-6,6	•

## Ríkissjóður

*Tekjuhalli ríkissjóðs var 28 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi, eða 2,1% af vergrí landsframleiðslu*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið 116,2 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2009 og heildarútgjöld 144,3 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 28,1 milljarð króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 1,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs lækkað um 1,9% frá sama tíma 2008 en útgjöldin aftur á móti hækkað um 13,5%. Á tekjuhlíðinni lækkuðu skatttekjur um 5,5 milljarða króna milli 3. ársfjórðungs 2008 og 2009, en tryggingagjöld og aðrar tekjur hækkuðu hins vegar um 3,2 milljarða króna. Á gjaldahlið hækkuðu vaxtagreiðslur mest milli tímabilanna eða um 12,4 milljarða króna og fjárramlög til almannatrygginga um 3,5 milljarða króna. Önnur rekstrarútgjöld voru nánast óbreytt milli tímabilanna í krónum talið.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 3. ársfjórðungi 2008 og 2009**  
**Table 2. Central government finances in 3rd quarter 2008 and 2009**

Fjárhædir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2008 3. ársfj. 3rd quart.	2009 3. ársfj. 3rd quart.	Breyting % Change %	2008 1.-3. ársfj. 1-3 quart.	2009 1.-3. ársfj. 1-3 quart.	Breyting % Change %
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	118,5	116,2	-1,9	359,0	334,7	-6,8
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	127,2	144,3	13,5	346,2	420,1	21,3
2.1 Fjárfesting Investment	9,9	10,9	10,1	24,3	24,3	0,0
3. Tekujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-8,7	-28,1	•	12,8	-85,4	•
4. Tekujöfnuður % af tekjum <i>Financial balance, % of total revenue</i>	-7,3	-24,2	•	3,6	-25,5	•
5. Tekujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-0,6	-1,8	•	0,9	-5,6	•

Skattar og tryggingagjöld skiliðu ríkissjóði 94,8 milljörðum króna, eða 81,6% tekna hans. Þar af skiliðu skattar á vöru og þjónustu 46,4 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað um 32 milljörðum króna og tryggingagjöldin 11,4 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárfamlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 39,2 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2009. Launaútgjöld ríkissjóðs námu um 30 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu rúmlega 23 milljörðum króna.

Tekjur ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 2009 námu um 335 milljörðum króna samanborið við 359 milljarða króna á sama tíma 2008 og er lækkunin 6,8% milli ára. Útgjöldin hækkuðu hins vegar um 21,3% á sama tíma en þau námu 420 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 og 346 milljörðum króna 2008. Tekjuafkoma var því neikvæð á þessu níu mánaða tímabili um riflega 85 milljarða króna samanborið við um 13 milljarða króna tekjuafgang 2008.

## Sveitarfélög

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 4 milljarða króna á 3. ársfjórðungi og um 14,5 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 3. ársfjórðungi 2009 eru áætlaðar 48,8 milljarðar króna og heildarútgjöld 52,9 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 4,1 milljarður króna, eða sem nemur 0,3% af landsframleiðslu. Þetta er svipuð niðurstaða en á sama tíma 2008 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 4,2 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 4,4% frá sama tíma í fyrra og útgjöld þeirra um 3,9%. Fjárfesting sveitarfélaganna hefur þó dregist saman um 45% milli þessara tímabila. Önnur útgjöld sveitarfélaga hækka hins vegar eða um 15%.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 3. ársfjórðungi 2008 og 2009**  
Table 3. Local government finances in 3rd quarter 2008 and 2009

Fjárhædir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i>	2008 <i>3. ársfj. 3rd quart.</i>	2009 <i>3. ársfj. 3rd quart.</i>	Breyting <i>% Change %</i>	2008 <i>1.-3. ársfj. 1-3 quart.</i>	2009 <i>1.-3. ársfj. 1-3 quart.</i>	Breyting <i>% Change %</i>
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	46,7	48,8	4,4	144,9	146,0	0,8
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	51,0	52,9	3,9	155,0	160,5	3,6
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	9,5	5,2	-45,0	28,8	15,8	-45,0
3. Tekujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-4,2	-4,1	•	-10,1	-14,5	•
4. Tekujöfnuður % af tekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	-9,0	-8,4	•	-7,0	-9,9	•
5. Tekujöfnuður % af VLF <i>Financial bal. % of GDP</i>	-0,3	-0,3	•	-0,7	-1,0	•

Útsvarstekjur skiliðu sveitarfélögnum 27,5 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2009, eða riflega 56% tekna þeirra. Aðrir skattar skiliðu 8,2 milljörðum króna, fjárfamlög frá ríkissjóði 4,9 milljörðum og aðrar tekjur 8,3 milljörðum króna. Launagreiðslur eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða riflega 43% útgjaldanna, en 22,9 milljarðar króna voru greiddar í laun á þriðja ársfjórðungi 2009. Kaup á vöru og þjónustu námu 15,8 milljörðum króna og fjárfesting 5,2 milljörðum króna.

Tekjur sveitarfélaga fyrstu níu mánuði ársins námu 146 milljörðum króna samanborið við um 145 milljarða króna 2008 og er hækkunin 0,8% milli ára. Útgjöldin hækkuðu hins vegar um 3,6%, og námu 160,5 milljörðum króna. Tekjuafkoman var því nokkuð óhagstæðari á þessu tímabili en árið á undan, en tekjuhallinn nam 14,5 milljörðum króna, eða 1% af landsframleiðslu.

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstolum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarrafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn, eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 3rd quarter of 2009, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 33 billion ISK in deficit or 8.4% of the GDP in the 3rd quarter and 20.4% of general government total revenue. This can be compared with 41 billion ISK deficit in the 2nd quarter 2009 and 13 billion ISK deficit in 3rd quarter 2008. In the first nine months of 2009, the financial balance of the general government was 100 billion ISK in deficit or 6.6% of GDP, which can be compared with a surplus of 0.4% af GDP for the same period in 2008 (see Figure 1)

The financial balance of the central government and the social security funds was in deficit by 28.5 billion ISK in the 3rd quarter of 2009 and in deficit by 85.7 billion ISK for the first nine months of the year. This can be compared with a deficit of 8.3 billion ISK in the 3rd quarter of 2008 and 16 billion ISK in surplus for the first nine months of 2008. The financial balance of the local governments was in deficit by 4.1 billion ISK in the 3rd quarter of 2009 and by 14.5 billion ISK for the first nine months of 2009 (see table 3).

The central government net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 441 billion ISK or 29% of GDP in end of 3rd quarter 2009 compared with a positive net financial assets of 23.5 billion ISK or 1.6% of GDP in the same period 2008. The central government total liabilities amounted to 1,419 billion ISK in the end of 3rd quarter 2009 or 93% of estimated GDP. This can be compared with 722 billion ISK or 49% of GDP in end of 3rd quarter 2008.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

**Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2006–2009**

Table 4. Quarterly Government Finances 2006–2009

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices		Heildartekjur Total revenue <i>(1)</i>	Heildar-útgjöld expenditure <i>(2)</i>	– þar af fjárfesting – thereof <i>(2.1)</i>	Tekju-jöfnuður Financial balance <i>(3=1-2)</i>	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju-jöfnuður, hlutfall af VLF Financial balance % of GDP
<b>Hið opinbera The General Government</b>							
<b>2006</b>		<b>560,5</b>	<b>486,7</b>	<b>45,6</b>	<b>73,8</b>	<b>13,2</b>	<b>6,3</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		134,4	115,5	9,3	18,9	14,1	1,6
2. ársfjórðungur 2nd quarter		137,3	123,3	12,7	13,9	10,1	1,2
3. ársfjórðungur 3rd quarter		140,4	123,1	13,2	17,3	12,3	1,5
4. ársfjórðungur 4th quarter		148,5	124,8	10,3	23,7	15,9	2,0
<b>2007</b>		<b>623,8</b>	<b>553,1</b>	<b>54,7</b>	<b>70,6</b>	<b>11,3</b>	<b>5,5</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		153,6	131,1	11,1	22,5	14,6	1,7
2. ársfjórðungur 2nd quarter		153,3	141,5	15,3	11,8	7,7	0,9
3. ársfjórðungur 3rd quarter		156,1	139,2	16,0	16,9	10,8	1,3
4. ársfjórðungur 4th quarter		160,9	141,3	12,4	19,6	12,2	1,5
<b>2008</b>		<b>653,5</b>	<b>853,7<sup>1</sup></b>	<b>66,0</b>	<b>-200,2</b>	<b>-30,6</b>	<b>-13,6</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		167,7	148,5	13,6	19,2	11,4	1,3
2. ársfjórðungur 2nd quarter		162,8	163,4	20,1	-0,6	-0,4	0,0
3. ársfjórðungur 3rd quarter		160,9	173,4	19,4	-12,6	-7,8	-0,9
4. ársfjórðungur 4th quarter		162,0	368,3	12,9	-206,3	-127,3	-14,0
<b>2009</b>		•	•	•	•	•	•
1. ársfjórðungur 1st quarter		155,1	181,5	9,3	-26,5	-17,1	-1,7
2. ársfjórðungur 2nd quarter		153,0	194,0	14,7	-41,0	-26,8	-2,7
3. ársfjórðungur 3rd quarter		160,6	193,3	16,1	-32,7	-20,4	-2,1
<b>Ríkissjóður The Central Government</b>							
<b>2006</b>		<b>412,8</b>	<b>350,8</b>	<b>15,6</b>	<b>62,0</b>	<b>15,0</b>	<b>5,3</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		97,6	83,0	2,7	14,6	15,0	1,3
2. ársfjórðungur 2nd quarter		100,1	86,2	4,3	14,0	13,9	1,2
3. ársfjórðungur 3rd quarter		103,9	90,0	4,8	13,9	13,4	1,2
4. ársfjórðungur 4th quarter		111,2	91,7	3,7	19,5	17,6	1,7
<b>2007</b>		<b>454,6</b>	<b>403,2</b>	<b>22,4</b>	<b>51,4</b>	<b>11,3</b>	<b>3,9</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		111,5	95,1	3,9	16,4	14,7	1,3
2. ársfjórðungur 2nd quarter		109,7	101,0	6,2	8,7	7,9	0,7
3. ársfjórðungur 3rd quarter		114,6	101,6	6,9	13,0	11,3	1,0
4. ársfjórðungur 4th quarter		118,7	105,4	5,3	13,2	11,2	1,0
<b>2008</b>		<b>476,9</b>	<b>668,6<sup>1</sup></b>	<b>30,8</b>	<b>-191,7</b>	<b>-40,2</b>	<b>-13,0</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		122,7	104,3	4,4	18,4	15,0	1,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter		117,8	114,7	10,0	3,1	2,6	0,2
3. ársfjórðungur 3rd quarter		118,5	127,2	9,9	-8,7	-7,3	-0,6
4. ársfjórðungur 4th quarter		117,9	322,4	6,6	-204,5	-173,4	-13,8
<b>2009</b>		•	•	•	•	•	•
1. ársfjórðungur 1st quarter		110,4	132,8	4,3	-22,5	-20,3	-1,5
2. ársfjórðungur 2nd quarter		108,1	142,9	9,1	-34,8	-32,2	-2,3
3. ársfjórðungur 3rd quarter		116,2	144,3	10,9	-28,1	-24,2	-1,8

<sup>1</sup> 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabankans er meðtalin. The central government debt assumption of 192.2 billion ISK is included.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2006–2009 (frh.)  
 Table 4. Quarterly Government Finances 2006–2009 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices		Heildartekjur Total revenue <i>(1)</i>	Heildar-útgjöld expenditure <i>(2)</i>	– þar af fjárfesting – thereof <i>(2.1)</i>	Tekju-jöfnuður Financial balance <i>(3=1-2)</i>	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
<b>Sveitarfélög The Local Governments</b>							
<b>2006</b>		<b>161,2</b>	<b>157,4</b>	<b>30,0</b>	<b>3,8</b>	<b>2,3</b>	<b>0,3</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		39,8	37,6	6,6	2,3	5,7	0,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter		41,2	40,8	8,4	0,5	1,1	0,0
3. ársfjórðungur 3rd quarter		39,8	39,3	8,4	0,4	1,1	0,0
4. ársfjórðungur 4th quarter		40,4	39,7	6,6	0,6	1,6	0,1
<b>2007</b>		<b>185,3</b>	<b>177,3</b>	<b>32,3</b>	<b>8,0</b>	<b>4,3</b>	<b>0,6</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		45,9	42,7	7,1	3,2	7,0	0,3
2. ársfjórðungur 2nd quarter		47,2	45,7	9,0	1,6	3,3	0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter		45,6	44,2	9,0	1,4	3,0	0,1
4. ársfjórðungur 4th quarter		46,6	44,7	7,1	1,8	3,9	0,1
<b>2008</b>		<b>193,4</b>	<b>206,3</b>	<b>35,1</b>	<b>-12,9</b>	<b>-6,7</b>	<b>-0,9</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		49,1	50,3	9,1	-1,2	-2,5	-0,1
2. ársfjórðungur 2nd quarter		49,0	53,7	10,2	-4,7	-9,5	-0,3
3. ársfjórðungur 3rd quarter		46,7	51,0	9,5	-4,2	-9,0	-0,3
4. ársfjórðungur 4th quarter		48,5	51,3	6,3	-2,8	-5,7	-0,2
<b>2009</b>		•	•	•	•	•	•
1. ársfjórðungur 1st quarter		48,4	52,5	5,0	-4,1	-8,5	-0,3
2. ársfjórðungur 2nd quarter		48,8	55,1	5,6	-6,3	-12,9	-0,4
3. ársfjórðungur 3rd quarter		48,8	52,9	5,2	-4,1	-8,4	-0,3
<b>Almannatryggingar The Social Security Funds</b>							
<b>2006</b>		<b>90,8</b>	<b>82,7</b>	<b>0,0</b>	<b>8,1</b>	<b>8,9</b>	<b>0,7</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		22,3	20,5	0,0	1,9	8,4	0,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter		21,3	20,7	0,0	0,6	2,8	0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter		23,3	20,6	0,0	2,7	11,7	0,2
4. ársfjórðungur 4th quarter		23,8	20,9	0,0	2,9	12,2	0,2
<b>2007</b>		<b>103,3</b>	<b>92,0</b>	<b>0,1</b>	<b>11,3</b>	<b>11,0</b>	<b>0,9</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		24,7	21,9	0,0	2,8	11,2	0,2
2. ársfjórðungur 2nd quarter		24,7	23,1	0,0	1,5	6,3	0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter		25,8	23,3	0,0	2,5	9,8	0,2
4. ársfjórðungur 4th quarter		28,1	23,7	0,0	4,5	15,9	0,3
<b>2008</b>		<b>113,2</b>	<b>108,8</b>	<b>0,0</b>	<b>4,4</b>	<b>3,9</b>	<b>0,3</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter		23,9	21,9	0,0	2,0	8,4	0,1
2. ársfjórðungur 2nd quarter		26,4	25,4	0,0	1,0	3,7	0,1
3. ársfjórðungur 3rd quarter		30,8	30,5	0,0	0,4	1,2	0,0
4. ársfjórðungur 4th quarter		32,0	31,0	0,0	1,0	3,1	0,1
<b>2009</b>		•	•	•	•	•	•
1. ársfjórðungur 1st quarter		35,2	35,2	0,0	0,0	0,1	0,0
2. ársfjórðungur 2nd quarter		37,7	37,6	0,0	0,1	0,2	0,0
3. ársfjórðungur 3rd quarter		34,3	34,8	0,0	-0,4	-1,3	0,0

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2008–2009**

Table 5. Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2008–2009

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2008				2009			
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>653,5</b>	<b>167,7</b>	<b>162,8</b>	<b>160,9</b>	<b>162,0</b>	<b>155,1</b>	<b>153,0</b>	<b>160,6</b>
11 Skatttekjur Taxes	500,8	130,9	125,2	122,8	121,9	117,6	113,1	119,1
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	263,5	67,2	67,3	60,5	68,4	65,8	61,9	59,5
112 Skattar á laun Taxes on payroll	2,2	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6
113 Eignarskattar Property taxes	32,0	8,2	8,0	8,0	7,9	8,1	7,9	7,8
114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services	195,0	52,6	47,8	50,9	43,7	40,4	40,0	47,8
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	5,9	2,0	1,1	1,9	0,9	1,2	1,0	1,5
116 Aðrir skattar Other taxes	2,2	0,3	0,4	1,0	0,4	1,5	1,7	2,0
12 Tryggingagjöld Social contributions	41,6	10,4	10,4	10,5	10,3	9,5	9,2	11,4
13 Fjárfamlög Grants	1,4	0,1	0,2	0,3	0,8	0,1	0,2	0,3
14 Aðrar tekjur Other revenue	109,6	26,3	27,1	27,2	29,0	27,9	30,4	29,8
<b>2 Heildarútgjöld Total expenditure</b>	<b>853,7</b>	<b>148,5</b>	<b>163,4</b>	<b>173,4</b>	<b>368,3</b>	<b>181,5</b>	<b>194,0</b>	<b>193,3</b>
21 Laun Wages	216,2	50,3	54,0	54,4	57,5	55,7	58,4	56,4
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	171,4	38,4	40,8	42,6	49,6	46,4	48,8	47,4
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	27,2	6,2	6,7	7,0	7,4	8,0	7,9	8,0
24 Vaxtagjöld Interest	49,5	11,9	12,2	12,6	12,8	21,9	22,4	26,0
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	27,4	7,6	6,6	6,5	6,7	7,5	7,5	7,0
26 Fjárfamlög Grants	3,4	0,1	0,8	1,2	1,4	0,6	1,0	0,7
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	89,8	18,8	20,7	26,3	24,0	30,3	31,2	29,2
28 Önnur útgjöld Other expenditure	230,0	8,0	8,1	10,5	203,4	10,0	9,9	10,3
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	66,0	13,6	20,1	19,4	12,9	9,3	14,7	16,1
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	-27,2	-6,2	-6,7	-7,0	-7,4	-8,0	-7,9	-7,9
<b>Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)</b>	<b>-200,2</b>	<b>19,2</b>	<b>-0,6</b>	<b>-12,6</b>	<b>-206,3</b>	<b>-26,5</b>	<b>-41,0</b>	<b>-32,7</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue</b>	<b>-30,6</b>	<b>11,4</b>	<b>-0,4</b>	<b>-7,8</b>	<b>-127,3</b>	<b>-17,1</b>	<b>-26,8</b>	<b>-20,4</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP</b>	<b>-13,6</b>	<b>1,3</b>	<b>0,0</b>	<b>-0,9</b>	<b>-14,0</b>	<b>-1,7</b>	<b>-2,7</b>	<b>-2,1</b>
<b>Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP</b>	<b>44,3</b>	<b>11,4</b>	<b>11,0</b>	<b>10,9</b>	<b>11,0</b>	<b>10,2</b>	<b>10,0</b>	<b>10,5</b>
<b>Heildargjöld % af VLF Total expenditure % of GDP</b>	<b>57,8</b>	<b>10,1</b>	<b>11,1</b>	<b>11,7</b>	<b>24,9</b>	<b>11,9</b>	<b>12,7</b>	<b>12,7</b>

**Skyringar Notes:** 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

**Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2009**  
**Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2008–2009**

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2008				2009			
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>			I	II	III	IV
		I	II	III				
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>476,9</b>	<b>122,7</b>	<b>117,8</b>	<b>118,5</b>	<b>117,9</b>	<b>110,4</b>	<b>108,1</b>	<b>116,2</b>
11 Skatttekjur Taxes	360,1	95,1	89,3	88,8	87,0	82,5	77,9	83,4
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	157,5	40,5	40,5	35,2	41,3	38,6	34,9	32,0
112 Skattar á laun Taxes on payroll	2,2	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6
113 Eignarskattar Property taxes	6,3	1,8	1,5	1,5	1,4	1,4	1,2	1,0
114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services	186,1	50,0	45,2	48,6	42,3	39,2	38,5	46,4
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	5,9	2,0	1,1	1,9	0,9	1,2	1,0	1,5
116 Aðrir skattar Other taxes	2,1	0,3	0,4	1,0	0,4	1,5	1,7	1,9
12 Tryggingagjöld Social contributions	41,6	10,4	10,4	10,5	10,3	9,5	9,2	11,4
13 Fjárfamlög Grants	2,4	0,3	0,4	0,5	1,1	0,3	0,4	0,5
14 Aðrar tekjur Other revenue	72,7	16,9	17,7	18,5	19,6	18,0	20,5	20,8
<b>2 Heildarútgjöld Total expenditure</b>	<b>668,6</b>	<b>104,3</b>	<b>114,7</b>	<b>127,2</b>	<b>322,4</b>	<b>132,8</b>	<b>142,9</b>	<b>144,3</b>
21 Laun Wages	118,1	27,1	29,2	30,1	31,8	29,8	30,9	29,8
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	86,4	18,7	19,8	22,3	25,6	22,4	22,9	23,1
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	19,9	4,4	4,8	5,1	5,5	5,9	5,7	5,8
24 Vaxtagjöld Interest	41,3	9,9	10,1	10,5	10,8	18,7	19,2	22,9
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	23,2	6,5	5,6	5,4	5,7	6,3	6,4	5,8
26 Fjárfamlög Grants	132,5	27,9	30,9	36,2	37,6	39,3	42,4	39,2
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	16,2	3,9	3,5	4,8	4,0	4,8	4,8	5,1
28 Önnur útgjöld Other expenditure	219,9	5,9	5,6	8,0	200,4	7,2	7,1	7,5
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	30,8	4,4	10,0	9,9	6,6	4,3	9,1	10,9
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	-19,9	-4,4	-4,8	-5,1	-5,5	-5,9	-5,7	-5,8
<b>Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)</b>	<b>-191,7</b>	<b>18,4</b>	<b>3,1</b>	<b>-8,7</b>	<b>-204,5</b>	<b>-22,5</b>	<b>-34,8</b>	<b>-28,1</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue</b>	<b>-40,2</b>	<b>15,0</b>	<b>2,6</b>	<b>-7,3</b>	<b>-173,4</b>	<b>-20,3</b>	<b>-32,2</b>	<b>-24,2</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP</b>	<b>-13,0</b>	<b>1,2</b>	<b>0,2</b>	<b>-0,6</b>	<b>-13,8</b>	<b>-1,5</b>	<b>-2,3</b>	<b>-1,8</b>
<b>Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP</b>	<b>32,3</b>	<b>8,3</b>	<b>8,0</b>	<b>8,0</b>	<b>8,0</b>	<b>7,2</b>	<b>7,1</b>	<b>7,6</b>
<b>Heildargjöld % af VLF Total expenditure % of GDP</b>	<b>45,3</b>	<b>7,1</b>	<b>7,8</b>	<b>8,6</b>	<b>21,8</b>	<b>8,7</b>	<b>9,4</b>	<b>9,5</b>

**Skyringar Notes:** 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlana Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2008–2009**

Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2008–2009

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2008									2009		
	Alls				Ársfjórðungar			Quarters				
	Total	I	II	III	IV	I	II	III				
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>193,4</b>	<b>49,1</b>	<b>49,0</b>	<b>46,7</b>	<b>48,5</b>	<b>48,4</b>	<b>48,8</b>	<b>48,8</b>				
11 Skatttekjur Taxes	140,6	35,8	35,9	34,0	34,9	35,1	35,2	35,7				
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	105,9	26,7	26,8	25,3	27,1	27,1	27,0	27,5				
112 Skattar á laun Taxes on payroll	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
113 Eignarskattar Property taxes	25,8	6,4	6,4	6,4	6,4	6,7	6,7	6,7				
114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services	8,9	2,6	2,7	2,2	1,4	1,2	1,5	1,5				
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
116 Aðrir skattar Other taxes	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
12 Tryggingagjöld Social contributions	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
13 Fjárfamlög Grants	18,8	4,6	4,4	4,8	4,9	4,2	4,4	4,9				
14 Aðrar tekjur Other revenue	34,0	8,7	8,7	7,9	8,7	9,1	9,1	8,3				
<b>2 Heildarútgjöld Total expenditure</b>	<b>206,3</b>	<b>50,3</b>	<b>53,7</b>	<b>51,0</b>	<b>51,3</b>	<b>52,5</b>	<b>55,1</b>	<b>52,9</b>				
21 Laun Wages	83,1	19,8	21,1	20,5	21,7	22,1	23,6	22,9				
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	58,4	14,5	15,0	13,6	15,4	16,3	16,8	15,8				
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	7,4	1,8	1,8	1,9	1,9	2,1	2,1	2,2				
24 Vaxtagjöld Interest	8,2	2,0	2,0	2,0	2,0	3,1	3,1	3,1				
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	3,9	1,0	1,0	1,0	1,0	1,1	1,1	1,1				
26 Fjárfamlög Grants	0,9	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2				
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	6,9	1,7	1,7	1,7	1,7	1,9	1,9	1,9				
28 Önnur útgjöld Other expenditure	9,7	1,9	2,4	2,4	2,9	2,7	2,7	2,7				
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	35,1	9,1	10,2	9,5	6,3	5,0	5,6	5,2				
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	-7,4	-1,8	-1,8	-1,9	-1,9	-2,1	-2,1	-2,2				
<b>Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)</b>	<b>-12,9</b>	<b>-1,2</b>	<b>-4,7</b>	<b>-4,2</b>	<b>-2,8</b>	<b>-4,1</b>	<b>-6,3</b>	<b>-4,1</b>				
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue</b>	<b>-6,7</b>	<b>-2,5</b>	<b>-9,5</b>	<b>-9,0</b>	<b>-5,7</b>	<b>-8,5</b>	<b>-12,9</b>	<b>-8,4</b>				
<b>Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP</b>	<b>-0,9</b>	<b>-0,1</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,3</b>				
<b>Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP</b>	<b>13,1</b>	<b>3,3</b>	<b>3,3</b>	<b>3,2</b>	<b>3,3</b>	<b>3,2</b>	<b>3,2</b>	<b>3,2</b>				
<b>Heildargjöld % af VLF Total expenditure % of GDP</b>	<b>14,0</b>	<b>3,4</b>	<b>3,6</b>	<b>3,5</b>	<b>3,5</b>	<b>3,4</b>	<b>3,6</b>	<b>3,5</b>				

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2008–2009**

Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2008–2009

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2008								2009			
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar Quarters				I	II	III	IV	I	II	III
		I	II	III	IV							
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>113,2</b>	<b>23,9</b>	<b>26,4</b>	<b>30,8</b>	<b>32,0</b>	<b>35,2</b>	<b>37,7</b>	<b>34,3</b>				
11 Skatttekjur Taxes	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
112 Skattar á laun Taxes on payroll	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
113 Eignarskattar Property taxes	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
116 Aðrir skattar Other taxes	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
12 Tryggingagjöld Social contributions	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
13 Fjárfamlög Grants	110,3	23,2	25,7	30,1	31,3	34,5	37,0	33,6				
14 Aðrar tekjur Other revenue	2,9	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	
<b>2 Heildarútgjöld Total expenditure</b>	<b>108,8</b>	<b>21,9</b>	<b>25,4</b>	<b>30,5</b>	<b>31,0</b>	<b>35,2</b>	<b>37,6</b>	<b>34,8</b>				
21 Laun Wages	14,9	3,4	3,7	3,8	4,0	3,8	3,9	3,8				
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	26,5	5,2	6,1	6,6	8,6	7,7	9,1	8,6				
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
24 Vaxtagjöld Interest	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1				
26 Fjárfamlög Grants	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	66,6	13,1	15,4	19,8	18,2	23,5	24,4	22,2				
28 Önnur útgjöld Other expenditure	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1				
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0				
<b>Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)</b>	<b>4,4</b>	<b>2,0</b>	<b>1,0</b>	<b>0,4</b>	<b>1,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,1</b>	<b>-0,4</b>				
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue</b>	<b>3,9</b>	<b>8,4</b>	<b>3,7</b>	<b>1,2</b>	<b>3,1</b>	<b>0,1</b>	<b>0,2</b>	<b>-1,3</b>				
<b>Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP</b>	<b>0,3</b>	<b>0,1</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>				
<b>Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP</b>	<b>7,7</b>	<b>1,6</b>	<b>1,8</b>	<b>2,1</b>	<b>2,2</b>	<b>2,3</b>	<b>2,5</b>	<b>2,3</b>				
<b>Heildargjöld % af VLF Total expenditure % of GDP</b>	<b>7,4</b>	<b>1,5</b>	<b>1,7</b>	<b>2,1</b>	<b>2,1</b>	<b>2,3</b>	<b>2,5</b>	<b>2,3</b>				

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2007–2009**

Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2007–2009

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2008				2009		
	Ársfjórðungar (Á) Quarters (Q)				I	II	III
	I	II	III	IV			
<b>Peningalegar eignir Financial assets</b>	<b>617,0</b>	<b>610,2</b>	<b>745,8</b>	<b>960,0</b>	<b>1.000,2</b>	<b>990,5</b>	<b>977,3</b>
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	137,4	124,5	291,9	183,2	222,1	190,8	166,6
Lánveitingar <i>Loans</i>	181,2	175,5	165,4	478,0	461,9	484,3	478,0
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	177,6	192,4	192,4	194,8	195,2	198,3	198,4
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	120,8	117,9	96,1	103,9	121,1	117,0	134,3
<b>Skuldir Liabilities</b>	<b>571,6</b>	<b>572,9</b>	<b>722,3</b>	<b>1.198,5</b>	<b>1.244,2</b>	<b>1.402,6</b>	<b>1.418,7</b>
Verðbréf <i>Securities</i>	129,9	183,0	198,2	313,8	279,5	300,6	318,8
Lántökur <i>Loans</i>	194,9	123,3	264,0	622,2	684,3	711,1	710,5
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	31,0	18,3	29,5	304,4	371,7	368,7	391,2
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	163,9	105,0	234,5	317,8	312,6	342,4	319,4
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	210,5	231,3	231,3	231,3	230,2	342,9	342,9
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	36,3	35,4	28,9	31,2	50,2	47,9	46,5
<b>Hrein peningaleg eign Net financial assets</b>	<b>45,4</b>	<b>37,2</b>	<b>23,5</b>	<b>-238,5</b>	<b>-244,0</b>	<b>-412,0</b>	<b>-441,4</b>
<b>Hlutfall af landsframleiðslu Per cent of GDP</b>							
<b>Peningalegar eignir Financial assets</b>	<b>41,8</b>	<b>41,3</b>	<b>50,5</b>	<b>65,0</b>	<b>65,6</b>	<b>65,0</b>	<b>64,1</b>
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	9,3	8,4	19,8	12,4	14,6	12,5	10,9
Lánveitingar <i>Loans</i>	12,3	11,9	11,2	32,4	30,3	31,8	31,3
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	12,0	13,0	13,0	13,2	12,8	13,0	13,0
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	8,2	8,0	6,5	7,0	7,9	7,7	8,8
<b>Skuldir Liabilities</b>	<b>38,7</b>	<b>38,8</b>	<b>48,9</b>	<b>81,2</b>	<b>81,6</b>	<b>92,0</b>	<b>93,0</b>
Verðbréf <i>Securities</i>	8,8	12,4	13,4	21,3	18,3	19,7	20,9
Lántökur <i>Loans</i>	13,2	8,3	17,9	42,1	44,9	46,6	46,6
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	2,1	1,2	2,0	20,6	24,4	24,2	25,6
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	11,1	7,1	15,9	21,5	20,5	22,5	20,9
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	14,3	15,7	15,7	15,7	15,1	22,5	22,5
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	2,5	2,4	2,0	2,1	3,3	3,1	3,0
<b>Hrein peningaleg eign Net financial assets</b>	<b>3,1</b>	<b>2,5</b>	<b>1,6</b>	<b>-16,2</b>	<b>-16,0</b>	<b>-27,0</b>	<b>-28,9</b>





**Hagtíðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
Statistical Series **National accounts**

94. árg. • 66. tbl. 2009:12  
ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *pdf*)  
Verð kr. Price ISK 900 • € 7  
Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is  
Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland  
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*  
[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)